

Dalabyggð
b/t Þórður Már Sigfússon
Miðbraut 11
370 Búðardal

Reykjavík, 28. október 2019
UST201909-221/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018 - Galtarvirkjun í Garpsdal

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykhólahrepps er barst 18. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018 vegna Galtarvirkjunar í Garpsdal.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að skilgreina iðnaðarsvæði I4 fyrir vatnsaflsvirkjun, Galtarvirkjun í Garpsdal, en svæðið er landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Stærð svæðisins er undir 5 ha og gerir tillagan ráð fyrir inntaksmannvirki, fallpípu, stöðvarhúsi, tengingu við raforkukerfið með jarðstreng. Auk þess kemur fram að aðkoma verður eftir núverandi vegslóðum, sem verða endurbættir, af Garpsdalsvegi (602).

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er talsverður hluti jarðarinnar votlendi. Auk þess segir í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030: „*Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga svæðisins, m.a. með afmörkun hverfis-verndarsvæða í aðalskipulagi*“

Forsendur - Tengsl við aðrar áætlanir

Í greinargerð lýsingar er fjallað um tengsl tillögunnar við landsskipulagstefnu 2015 – 2026. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan geti haft áhrif á náttúru, ásýnd og lífríki er því mikilvægt að það komi fram í forsendukafla tillögunnar hvernig tillagan í samræmis kafla 2.2.2 landskipulagsstefnu sem nefnist: „*Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi*“ en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.*“

Garpdalsvatn

Svæðið sem aðalskipulagsbreytingin nær til staðsett norðan við Garpsvatn. Umhverfisstofnun bendir á að Garpsvatn falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd stöðuvatna og tjarna sem eru 1000 m² að flatarmáli eða stærri. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Múlaá - Garpdalsá

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar sem hér um ræðir hefur vatnshlotsnúmerið 101-315-R Garpdalsá undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Vegir í náttúru Íslands

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir nýjum vegum bendir stofnunin á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi,
sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerð
nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt
ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.


Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan
friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á.

Í 3. mgr ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í
vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að
raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og
ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort
um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og
hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil,
náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.


Við gerð skránnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnunar eða
önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar
Íslands, samtök útivistarfélaganna, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök
Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar
vinna við aðalskipulag fer fram.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur